



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

---

### ***Efni: Staða málaflokks heimilissausra með miklar og flóknar þjónustuparfir vegna tíðra kuldakasta***

#### ***Forsaga:***

Að undanfögnu hafa málefni heimilissausra með miklar og flóknar þjónustuparfir verið til umræðu á samfélagsmiðlum, m.a. vegna þess að gestir neyðarskýla eigi hvergi samastað yfir daginn. Umræðan hefur svo magnast í því kuldakasti sem ríkt hefur í borginni að undanfögnu.

Neyðarskýli fyrir karla að Grandagarði og Lindargötu eru opin frá kl. 17:00 til kl. 10:00 næsta dag sem og Konukot, neyðarskýli fyrir konur, sem rekið er af Rótinni með þjónustusamningi við Reykjavíkurborg. Á grundvelli stefnu í málefnum heimilissausra með miklar og flóknar þjónustuparfir hefur verið útbúin neyðaráætlun til að bregðast við þegar spáð er kuldakasti eða óveðri sem er þess eðlis að hætta sé á ofkælingu og/eða alvarlegum slysum hjá þeim sem eiga hvergi höfði sínu að halla. Það eru forstöðumenn neyðarskýla í samstarfi við deildarstjóra málaflokksins sem hafa metið stöðuna dag frá degi og virkja neyðaráætlunina á grundvelli veðurspáa. Þegar neyðaráætlun er virkjuð sendir deildarstjóri málaflokks heimilissausra með miklar og flóknar þjónustuparfir tölvupóst til allra forstöðumanna þar um. Við virkjun neyðaráætlunarinnar eru allir helstu samstarfsaðilar upplýstir, t.d. bráðamóttaka Landspítala Háskólasjúkrahúss, lögregla, Rauði krossinn og forsvarsmenn tjaldsvæða. Vettvangs- og ráðgjafateymi Vesturmiðstöðvar leitar jafnframt þá einstaklinga uppi sem taldir eru hafast við í ótryggum aðstæðum og býður aðstöðu í neyðarskýlum. Það er þó alltaf tilteknum einstaklingum í sjálfsvald sett hvort þeir þiggja slíkan stuðning.

Í ljósi þeirra óvenjulegu aðstæðna sem eru framundan, þar sem spáð er löngu kuldakasti á höfuðborgarsvæðinu með fádæma frosti, var ákveðið að nauðsynlegt væri að kalla saman neyðarstjórn velferðarsviðs til að taka ákvörðun um aukna opnun neyðarskýlanna. Á fundi neyðarstjórnar 19. desember sl. var ákveðið að neyðarskýlin yrðu opin allan daginn fram til 28. desember, en veðurspá nær ekki lengra fram í tímann en svo. Neyðarstjórn mun verða kölluð aftur saman fyrir 28. desember til að meta hvort þörf verði á auknum opnunartíma eftir þá dagsetningu.

Í gistiskýlinu að Lindargötu er aðstaða til að bjóða einstaklingum sem glíma við sjúkdóma og mjög slæma heilsu aðstöðu yfir daginn. Umræddum einstaklingum er aldrei vísað út þegar veðurskilyrði eru slæm og þeir treysta sér ekki til útiveru. Eldhús og aðstaða til að matast er á 3. hæð og nýtist þeim sem dvelja í skýlinu hverju sinni. Í neyðarskýlinu að Grandagarði er hins vegar eldhúsaðstaðan mjög þröng og rúmar ekki allan þann fjölda í einu sem gistir í skýlinu.

#### ***Staðan í dag m.t.t. veðurfars***

Á fundi velferðarráðs 25. maí 2022 var lögð fram tillaga vegna aukinnar ásóknar í neyðar- og gistiskýli fyrir karlmenn. Fram kom að frá vormánuðum hafi borið á mikilli ásókn í neyðarskýli Reykjavíkurborgar fyrir karla þannig að fleirum var hleypt að en gert er ráð fyrir í kröfulýsingu starfseminnar. Í mars- og aprílmánuði var nýtingarhlutfallið í báðum skýlunum á milli 110-120%




og sú staða olli erfiðleikum við að tryggja öryggi gesta og starfsfólks og jukust atvikaskráningar til muna. Í ljósi stöðunnar var samþykkt 46 m.kr. fjárheimild fyrir 6,4 stg. til loka árs 2022 sem ætlað var að mæta kostnaði við eitt viðbótarstöðugildi á vakt í hvoru neyðarskýlinu.

Á sumarmánuðum varð áframhaldandi aukning og í ágúst var nýtingin 146% í Grandagarði og 117% á Lindargötunni.


Á fundi velferðarráðs þann 10. ágúst 2022 var síðan samþykkt að komið yrði á neyðarhúsnæði fyrir 6-8 heimilislausa karla sem dvalið hafa í neyðarskýlum Reykjavíkurborgar og starfshópi falið að hefja undirbúning að úrræðinu og leggja fram kostnaðarmetna tillögu fyrir fund velferðarráðs. Á fundi velferðarráðs þann 14. september 2022 var lögð fram tillaga um að velferðarsvið samþykkti að verja alls 155 m.kr. til reksturs neyðarhúsnæðis í miðborginni fyrir heimilislausa karla sem dvalið hafa langan tíma í neyðarskýlum borgarinnar. Tillögunni var frestað en lögð að nýju fyrir ráðið 2. nóvember og var henni vísað til fjárhagsáætlunargerðar.

Staðan í neyðarskýlum Reykjavíkurborgar hefur því verið þung á árinu 2022 og hafa veðurskilyrði desembermánaðar bætt gráu ofan á svart í þeirri stöðu. Frá föstudegi 16. desember til sunnudags 20. desember voru alls 52 notendur sem nýttu neyðarskýlin fyrir karla. Þar af voru 8 gestir frá öðrum sveitarfélögum með samtals nýtingu um 17 nætur. Slík ásókn í neyðarskýlin veldur auknu álagi bæði á starfsfólk og gesti. Aukinn opnunartími neyðarskýlanna eykur álagið svo enn frekar þar sem starfsmannahópurinn er ekki nógu stór til að takast á við hann. Mannekla hefur verið í starfseminni og hafa auglýsingar eftir starfsfólki ekki borið tilskilinn árangur.


Myndir 1- 3 sýna að nýting rýma í neyðarskýlum fyrir karla hefur verið umfram 100% frá því í mars og apríl 2022. Nýtingin í Konukoti hefur ennfremur verið umfram 100% frá júlí - október en tölur fyrir desember liggja enn ekki fyrir.



Mynd 1: Nýting rýma í neyðarskýlinu Lindargötu



Mynd 2: Nýting rýma í neyðarskýlinu Grandagarði.




Mynd 3: Nýting rýma í Konukoti

Neyðarskýli Reykjavíkurborgar eru neyðarúrræði fyrir þá sem hvergi eiga höfði sínu að halla að næturlagi. Þau eru hugsuð til að bjarga fólki í neyð á meðan unnið er í að finna því varanlegt húsnæði. Þau eru ekki ætluð sem húsnæðisúrræði fyrir heimilislausa og því ekki hönnuð með búsetu í huga.

Ef veðurspár rætast má gera ráð fyrir langvarandi kuldakasti fram á næsta ár og full ástæða er til að bregðast við. Það er hinsvegar ekki heppilegasta lausnin að hafa neyðarskýlin opin allan sólarhringinn. Erfitt er að ráða fólk til starfa og starfsfólk neyðarskýla er orðið langþreytt. Aðstæður í neyðarskýlunum og sér í lagi á Grandagarða henta illa sem vistarverur fólks allan sólarhringinn. Að undanfögnu hafa stjórnendur staðið vaktina með starfsfólki en slíkt er ekki heppilegt til langs tíma. Eins er mikilvægt að hlutverk neyðarskýla sé skýrt gagnvart þeim sem sækja skýlin og að ekki sé um viðvarandi dvalarstað að ræða. Stjórnendur í málafloknum hafa bent á að mönnun sé á það viðkvæmu stigi að ef þeir missa starfsfólk út þá sé hætt á að ekki verið unnt að halda úti opnun á hefðbundnum opnunartíma.

Innan málaflokksins hefur á árinu komið til umræðu opnun dagseturs og þá í samstarfi við frjáls félagasamtök. Hjálpræðisherinn rak t.d. um tíma dagsetur á Grandagarði (til ársins 2014) en reynslan af því sýndi að slík starfsemi þarf að innibera tilboð um virkni samhliða stuðningi og ráðgjöf. Rekstur Skjólans, sem er dagúrræði fyrir konur, hefur að mati starfsfólks mætt þörf þeirra kvenna sem á þurfa að halda og kann að vera góð fyrirmynd að dagsetri fyrir karla. Hjálpræðisherinn hefur ljáð máls á því að hann sé tilbúinn í samstarf við Reykjavíkurborg um rekstur dagseturs en gróft kostnaðarmat á slíku úrræði er um 100 m.kr. á ári.

Á mynd 4 má sjá áætlun og raunstöðu kostnaðar við málaflokk heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir frá árinu 2018 til október 2022 og í töflu 1 er kostnaður sundurgreindur eftir úrræðum.



Mynd 4: Áætlun og raunstöðu kostnaðar við málaflokkinn frá árinu 2018 til október 2022

Tafla 1: Sundurgreindur kostnaður eftir úrræðum

	2018	2019	2020	2021	Jan-okt. 2022
<b>Áfangameimili</b>					
Brautin á Snorrabrautinni	24.112	26.320	27.246	28.336	25.431
Áfangameimili Njálsgötu	0	0	0	0	8.899
Úrræði fyrir heimilislausu - Miklubraut	22.756	22.638	23.065	24.176	21.817
Áfangameimili – styrkir	14.439	11.337	23.320	25.853	24.546
Búsetuúrræði með félagslegum stuðningi (SÁÁ)	19.794	20.316	20.487	20.713	30.331
<b>Samtals</b>	<b>81.101</b>	<b>80.611</b>	<b>94.117</b>	<b>99.079</b>	<b>111.024</b>
<b>Húsnæði fyrir fatlað fólk með virkan vímuefnavanda</b>					
Sambýli Miklubraut	120.143	125.871	162.099	226.495	225.041
Íbúðakjarni Hringbraut	0	23.628	192.834	220.055	232.367
<b>Samtals</b>	<b>120.143</b>	<b>149.499</b>	<b>354.933</b>	<b>446.550</b>	<b>457.408</b>
<b>Málaflokkur heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir</b>					
Njálsgata	101.243	101.288	104.325	109.342	125.858
Hringbraut	32.596	42.538	56.111	111.808	189.163
VoR teymið (Vettvangs og Ráðgjafateymi)	91.842	115.746	169.187	181.379	144.578
<b>Samtals</b>	<b>225.681</b>	<b>259.572</b>	<b>329.623</b>	<b>402.528</b>	<b>459.599</b>
<b>Neyðarskýli</b>					
Gistiskýlið Lindargötu	171.743	177.200	180.662	211.353	223.950
Neyðarskýlið Grandagarði	0	13.558	141.354	151.189	174.669
Konukot	61.866	66.156	78.485	97.688	100.674
<b>Samtals</b>	<b>233.609</b>	<b>256.914</b>	<b>400.501</b>	<b>460.229</b>	<b>499.293</b>
<b>Neyslurými</b>					
Ylja (Samningur 50 m.kr.)	0	0	0	0	0
<b>ALLS</b>	<b>660.534</b>	<b>746.595</b>	<b>1.179.174</b>	<b>1.408.386</b>	<b>1.527.324</b>

Tafla 2 sýnir fjölda í þjónustu Vettvangs- og ráðgjafateymis í nóvember 2022.

Tafla 2: Staða þjónustu Vettvangs- og ráðgjafateymis

Staða	VoR teymi alls
Eftirfylgd	5
í búsetuúrræði	19
Vettvangsþjónusta	51
Þjónustan heim/Alm	17
Þjónustan heim/HF	24
Þjónustan heim/smáhús	4
<b>Með þjónustu samtals</b>	<b>120</b>
Á bið	19
Nýtir ekki þjónustu VOR	8
Þjónustu lokið	26
<b>Ekki með þjónustu nóv. 2022</b>	<b>53</b>



### Niðurstaða:

Ljóst er að bregðast verður við þeim aðstæðum sem framundan eru í málefnum heimilislausra. Hægt er að opna neyðarskýlin yfir köldustu dagana en sú lausn er ekki heppileg til lengri tíma af þeim ástæðum sem tilgreindar hafa verið að framan. Í því sambandi væri besta lausnin að opna gistiskýlið að Lindargötu yfir daginn en aðstaða er þar mun betri en í neyðarskýlinu að Grandagarði. Kaffistofan í gistiskýlinu að Lindargötu getur tekið við þeim fjölda sem dvelur í neyðarskýlinu að Grandagarði. Slík lausn getur þjónað sem bráðabirgðalausn á meðan unnið er að betri lausn. Dagsetur fyrir hópinn, þar sem hann getur hafst við á daginn, sinnt áhugamálum, fengið leiðsögn ráðgjafa eða stundað aðra virkni væri heppilegri lausn til lengri tíma litið. Hjálpræðisherinn hefur lýst yfir áhuga á að koma að rekstri slíks úrræðis í samstarfi við Reykjavíkurborg. Hugsanlega væri hægt að fá fleiri hjálparsamtök, s.s. Rauða krossinn og einnig sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu til að koma að rekstri slíks úrræðis. Setja mætti á laggirnar tilraunaverkefni í því sambandi frá janúar fram í mars á næsta ári. Að tilraunartíma loknum mætti m.a. meta árangurinn með tilliti til aðkomu fleiri hjálparsamtaka að verkefninu.

Hvað sem öðru líður er ljóst að þjónusta við heimilislausa á höfuðborgarsvæðinu getur ekki áfram hvílt á herðum Reykjavíkurborgar án aðkomu eða fjárhagsstuðnings ríkis, sveitarfélaga og annarra hjálparstofnana. Verkefnið er einfaldlega of stórt til að áfram verði haldið á sömu braut.